



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

Ársskýrsla  
2020-2021





---

## Efnisyfirlit

1. Stjórnun og rekstur .....	4
2. Starfsemi.....	6
3. Fræðslustarf .....	9
4. Markaðs- og kynningarmál.....	10
5. Mannauðsmál .....	12
6. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2020-21.....	17
7. Tónleikar starfsárið 2020/21.....	19
6. Tónleikum aflýst á starfsárinu.....	27
7. Hljóðritanir og hljómdiskar .....	30
8. Tónverk hljóðrituð eða flutt á tónleikum á starfsárinu.....	32
12. Fjöldi tónleikagesta .....	37

# 1. Stjórnun og rekstur

Starfsárið 2020-2021 var 71. starfsár Sinfóníu-hljómsveitar Íslands. Fyrri hluti starfsársins einkenndist af viðbrögðum við heimsfaraldri Covid-19, en engu að síður stóð hljómsveitin fyrir fjölmörgum og fjölbreyttum tónleikum og viðburðum. Alls lék hljómsveitin á 63 stærri og minni tónleikum á starfsárinu. Alls sóttu 13.869 gestir tónleika hljómsveitarinnar sem flutti 137 verk fyrir sinfóníu-hljómsveit og kammersveit.

Samkvæmt lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ) standa ríkissjóður og Reykjavíkurborg að rekstri hljómsveitarinnar. Ríkissjóður greiðir 82% af rekstrarkostnaðinum en Borgarsjóður Reykjavíkurborgar 18%. Sértekjur hljómsveitarinnar koma fyrst og fremst frá miðasölu, tónleikapóknunum og styrkjum.

## Stjórn

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands var skipuð til fjögurra ára frá 1. ágúst 2019. Stjórnina skipa Sigurbjörn Þorkelsson, formaður, skipaður án tilnefningar, Herdís Þórðardóttir, varaformaður, skipuð án tilnefningar, Friðjón R. Friðjónsson, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Oddný Sturludóttir, tilnefnd af Reykjavíkurborg og Hávarður Tryggvason, fulltrúi SMFSÍ. Varamenn eru Axel B. Stefánsson, skipaður án tilnefningar, Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, skipuð án tilnefningar, Þráinn Árni Baldvinsson, tilnefndur af Reykjavíkurborg, Ólöf Þorvarðsdóttir, tilnefnd af SMFSÍ og Guðrún Inga Torfadóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Á starfsárinu hélt stjórn hljómsveitarinnar 10 stjórnarfundi og voru þó nokkrir þeirra fjarfundir.

## Rekstur

Rekstur hljómsveitarinnar var krefjandi á starfsárinu. Samkomutakmarkanir höfðu mikil áhrif á sértekjur hljómsveitarinnar sem voru 80% lægri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Hljómsveitin hlaut viðbótarfjárframlag að upphæð 90 milljónir króna í árslok 2021 sem var afar mikilvægt til þess að hægt væri að halda óskertri starfsemi áfram. Farið var í hagræðingaraðgerðir til þess að draga úr útgjöldum haustið 2020 og fjárhagsáætlanir endurskoðaðar reglulega.

Stefna hljómsveitarinnar er að styrkja stöðu sína á alþjóðlegum vettvangi með því að fara í tónleikaferðir út fyrir landsteinana, efla samtal sitt við íslensku þjóðina með tónleikaferðum innanlands og vera reglulega með streymi frá tónleikum og útsendingum í samstarfi við RÚV. Starfsárið 2020-2021 bauð ekki upp á tónleikaferðir hér heima né erlendis en útgáfur á íslenskri tónlist og útsendingar frá tónleikum efldu samtalið við landsmenn jafnt sem umheiminn.

## Aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi

Aðalstjórnandi 2020-2021 var Eva Ollikainen, sem hóf þar fjögurra ára samning við hljómsveitina. Eva stjórnaði 10 tónleikum með hljómsveitinni á starfsárinu. Hún átti stóran þátt í því að aðlaga starfsemina og verkefnavalið að aðstæðum í heimsfaraldri svo hljómsveitin gæti haldið tónleika miðað við takmarkanir hverju sinni. Ollikainen mun stjórna hljómsveitinni að jafnaði í átta vikur á hverju starfsári. Auk þess mun hún stýra hljómsveitinni á fyrirhuguðum tónleikaferðum erlendis og upptökum á hljómdiskum.

---

### **Aðalgestastjórnandi**

Aðalgestastjórnandi starfsársins var Daníel Bjarnason. Áður hefur hann gegnt stöðum gestalistamanns og staðartónskálds hjá SÍ. Daníel stjórnaði 7 tónleikum á starfsárinu en auk þess stýrði hann fjölda upptaka, s.s. á tónlist eftir Högna Egilsson fyrir sjónvarpsþættina Kötlu, Pétri og úlfinum og Tobba túbu ásamt öðrum smærri verkefnum. Daníel Bjarnason og Sinfóníuhljómsveit Íslands voru tilnefnd til hinna virtu Grammy-verðlauna á starfsárinu í floknum Besti hljómsveitarflutningur (Best Orchestral Performance) fyrir diskinn Concurrence.

### **Staðarhljómsveitarstjóri**

Bjarni Frímann Bjarnason tók við starfi staðarhljómsveitarstjóra haustið 2020, en áður hafði hann gengt stöðu aðstoðarhljómsveitarstjóra. Bjarni sat í verkefnavalsnefnd, stjórnaði hljómsveitinni á 7 tónleikum auk þess að stýra fjölda upptaka, s.s. upptökum á verki eftir Þráinn Hjálmarsson.

### **Staðartónskáld**

Anna Þorvaldsdóttir er staðartónskáld hljómsveitarinnar en hún tók við stöðunni í byrjun árs 2018. Anna gegnir margþættu hlutverki í starfi hljómsveitarinnar en auk þess að semja ný verk til flutnings fyrir SÍ, situr hún í verkefnavalsnefnd og er í forsvari fyrir tónskáldastofuna Yrkju sem miðar að því að veita ungum tónskáldum reynslu í að semja fyrir hljómsveit. Yrkja er unnin í samstarfi við Tónverkamíðstöð. Þrjú verk eftir Önnu voru flutt af hljómsveitinni á starfsárinu: Aeriality, Metacosmos og CATAMORPHOSIS

### **Aðalheiðursstjórnandi**

Vladimir Ashkenazy er aðalheiðursstjórnandi hljómsveitarinnar og spannar samstarf hans við hljómsveitina meira en hálfa öld. Ashkenazy hefur stjórnað hljómsveitinni í öllum helstu meistaraverkum tónbókmenntanna og í nóvember 2018 fór hljómsveitin í tónleikaferð til Japans undir hans stjórn. Í janúar 2020 tilkynnti Ashkenazy að hann hefði ákveðið að draga sig í hlé frá öllu tónleikahaldi.

---

## 2. Starfsemi

Samkomutakmarkanir settu hefðbundið tónleikahald Sinfóníuhljómsveitar Íslands úr skorðum á starfsárinu en hljómsveitin brást við með fjölbreyttu tónleikahaldi og aðlagði sig að aðstæðum hverju sinni með margvíslegri miðlun tónlistar, bæði með tónleikum og fjölbreyttri dagskrá í sjónvarpi, útvarpi, á vef og á samfélagsmiðlum.

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék á alls 63 tónleikum á starfsárinu. 32 tónleikum í Eldborg, með eða án áheyrenda. Auk þess stóð hljómsveitin fyrir 31 öðrum fjölbreyttum tónleikum í Hörpu og víðs vegar um bæinn. Má þar nefna hádegistónleika, Gleðistundir, þar sem minni kammerhópar innan hljómsveitarinnar komu fram, auk fræðsluviðburða og samfélagsverkefna.

Skipulag starfsársins 2020/21 lá fyrir vorið 2020 og stefnt var að því að kynna starfsárið í byrjun ágúst og hefja þá áskriftarsölu, en vegna samkomutakmarkana þurftu stjórnendur hljómsveitarinnar að endurhugsa dagskrána. Fyrst var ákveðið að fella niður fyrirhugaða viðburði í ágúst og september og setja á laggirnar viðburði sem líklegra væri að hægt yrði að framkvæma. Leitað var til hljómsveitarstjóra og listamanna sem búsettir eru á Íslandi og nýr aðalhljómsveitarstjóri kom til landsins og dvaldi í nokkrar vikur. Þegar leið á september var okkur ljóst að erfitt yrði að standa við áður skipulagða dagskrá og í byrjun október kynnti hljómsveitin nýja dagskrá út árið. Óskað var eftir einleikurum úr röðum hljómsveitarinnar og voru undirtektirnar gríðarlega góðar. Úr varð glæsileg dagskrá sem kynnt var í byrjun október. Þróun heimsfaraldur varð hinsvegar til þess að ekki varð af öllum fyrirhuguðum tónleikum fram til áramóta en adventutónleikar án áheyrenda í sal í beinni útsendingu sem fram fór, auk þess sem árlegir jólatónleikar voru teknir upp og sýndir á RÚV á aðfangadag.

Framkvæmd viðburða á starfsárinu var afar flókin. Þegar áheyrendur í sal voru leyfðir var unnið í ómetanlegu samstarfi við Hörpu, aðrar menningarstofnanir og yfirvöld að útfærslum. Einnig þurfti að finna leiðir til þess að hljómsveitin gæti æft og komið fram á tónleikum við sem öruggastar aðstæður. Notast var við hólfaskiptingu á sviði og baksviði, uppökkunaraðstaða var útfærð og ávallt var gætt að nálægðartakmörkunum og persónubundnum sóttvörnum. Sérstakar sóttvarnarreglur voru settar í upphafi starfsárs og uppfærðar reglulega.

Samstarf við RÚV var gjöfult þegar heimsfaraldurinn setti strik í hefðbundið tónleikahald en samtals sendi RÚV út sex tónleika hljómsveitarinnar á starfsárinu. Klassíkin okkar, samstarfsverkefni SÍ og RÚV, var á sínum stað og sent út í beinni útsendingu. Að þessu sinni var slegið til sameiginlegrar afmælisveislu þar sem hljómsveitin fagnaði 50 ára afmæli og RÚV 90 ára afmæli á árinu. RÚV sendi auk þess út fimm tónleika í samvinnu við SÍ og Stúdío Sýrland. Aðventutónleikar Sinfóníunnar voru sendir út í beinni sjónvarpsútsendingu ásamt sérstökum afmælistónleikum í tilefni af 250 ára afmæli Beethovens, með Víkingi Heiðari Ólafssyni og Evu Ollikainen. Tónleikar með Örlagasinfóníu Beethovens og AERIALITY eftir Önnu Þorvaldsdóttur undir stjórn Evu Ollikainen voru sendir beint út í september. Þá voru tvennir fjölskyldutónleikar teknir upp og sjónvarpað síðar á RÚV; sérstakir fjölskyldutónleikar í tilefni af 250 ára afmæli Beethovens voru sendir út í september og Jólatónleikar SÍ sem voru sendir út á aðfangadag.

---

Heimsending í streymi: Hljóðfæraleikarar úr SÍ komu fram í beinu tónlistarstreymi úr Hörpu þegar samkomubann stóð sem hæst á fyrri hluta starfsársins. Tónleikunum var streymt á Facebook-síðu Sinfóníunnar, menningarvef RÚV og á RÚV 2. Sinfóníuhljómsveit Íslands sendi frá sér 4 streymistónleika í nóvember 2020.

Heimsendingar: Þegar ekkert var um tónleikahald tóku einstaka hljóðfæraleikarar úr hljómsveitinni upp myndupptöku af þeim að spila heima hjá sér og var þessu miðlað á samfélagsmiðlum hljómsveitarinnar, Facebook og Instagram.

Aflýstir tónleikar á starfsárinu voru 26 talsins og má þar nefna árlega viðburði eins og Vínartónleika og Myrka músikdaga, tónleika á Menningarnótt í Reykjavík og fleira. Ekki var farið farið í tónleikaferð á starfsárinu, hvorki innanlandsferð né erlendis.

Þó svo að starfsárið hafi verið takmörkunum háð var það gjöfult. Fjölmargir hljóðfæraleikarar hljómsveitarinnar komu fram sem einleikarar á tónleikum og náði samstarf við okkar frábæru innlendu hljómsveitarstjóra skilaði okkur miklu. Meðal einleikara úr hljómsveitinni má nefna Áshildi Haraldsdóttur flautuleikara, David Bobroff básúnuleikara, Juliu Hantschel óbóleikara, Grím Helgason klarínnettuleikara, Sigurgeir Agnarsson sellóleikara, Jacek Karwan kontrabassaleikara og fiðluleikarana Sigrúnu Eðvaldsdóttur, Unu Sveinbjarnardóttur, Veru Panitch og Páls Palomares. Auk þess kom horndeild SÍ og Dúó Harpverk fram sem „einleikarar“ á tónleikum hljómsveitarinnar.

Í hópi annarra glæsilegra einleikara voru t.d. Víkingur Heiðar Ólafsson, fiðluleikarinn Pekka Kuusisto og

einsöngvararnir Stuart Skelton og Álfheiður Erla Guðmundsdóttir. Það tækifæri sem við fengum til þess að vinna í lengri tíma með nýjum aðalhljómsveitarstjóra var hljómsveitinni afar dýrmætt og sú vinna sem Eva Ollikainen vann með hljóðfæraleikurum og öðru starfsfólki er okkur gott veganesti inn í komandi tíma.

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri voru tilnefnd til Grammy-verðlauna í flokknum Besti hljómsveitarflutningur (Best orchestral performance) fyrir diskinn Concurrence sem gefinn var út af bandarísku útgáfunni Sono Luminus. Á disknum flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands, undir stjórn Daníels Bjarnasonar ný verk eftir fjögur íslensk tónskáld: Önnu Þorvaldsdóttur, Hauk Tómasson, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur og Pál Ragnar Pálsson. Einleikarar með hljómsveitinni eru Sæunn Þorsteinsdóttir og Víkingur Heiðar Ólafsson.

Sinfóníuhljómsveit Íslands var valinn flytjandi ársins í sígildri- og samtímatónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum 2020. Þá voru 70 ára afmælistónleikar hljómsveitarinnar þann 5. mars 2020 einnig tilnefndir sem viðburður ársins í sígildri- og samtímatónlist. Tvö verk sem hljómsveitin frumflutti á árinu voru tilnefnd sem tónverk ársins. Konsert fyrir hljómsveit eftir Snorra Sigfús Birgisson og BOX, konsert fyrir harmónikku og lírukassa eftir Huga Guðmundsson.

### **Hljóðritanir:**

Meðan tónleikahald lá niðri gafst svigrúm til að sinna hljóðritunum fyrir hin ýmsu verkefni.

Í september 2020 var lagið *Lætur mig* með GDRN og Flóna tekið upp af Sírlandi til að kynna fyrirhugaða Nýklassík tónleika. SÍ tók þátt í jólakveðju með



---

Þjóðleikhúsinu með hljóð- og myndupptöku á jólagiginu *Ég hlakka svo til* sem var óður til bjartari tíma í viðburðahaldi er heimsfaraldri sleppir. Í desember 2020 fóru fram hljóðupptökur fyrir Netflix-sjónvarpsseríuna *Köttlu* með tónlist eftir Högn Egilsson. Í febrúar 2021 fór fram hljóðupptaka af *Konzertstück* fyrir fjögur horn og hljómsveit eftir Robert Schumann þar sem horndeild SÍ var í einleikshlutverki. Í apríl 2021 voru hljóðupptökur fyrir Maxímús músíkús hljóðfærakynningu sem fyrirhugað að verði í upplifunarrými fyrir börn á jarðhæð Hörpu. Í maí 2021 fór fram hljóðupptaka á verki Þráins Hjálmarssonar *Perpendicular (Slightly tilted)*, síðar í mánuðinum var lagið *Ég veit þú kemur* í flutningi GDRN og Daníels Ágústs Haraldssonar tekið upp í hljóð og mynd fyrir sjónvarpsþátt sem var framleiddur af RÚV í tilefni af 10 ára afmæli Hörpu. Undir lok starfsársins í júní 2021 fóru fram hljóðritanir á *Tobba túbu* og *Pétri og úlfnum* fyrir fyrirhugaða útgáfu.

### Útgáfur

Tveir hljómdiskar komu út á starfsárinu, *Occurrence* í útgáfu Sono Luminus og Jón Nordal – safndiskur, gefinn út af Polarfonía. Á *Occurrence* má finna verk eftir Veronique Vöku, Hauk Tómasson, Þuríði Jónsdóttir og Magnús Blöndal Jóhannsson en um tónsprotann hélt Daníel Bjarnason. Einleikarar voru fiðluleikarinn Pekka Kuusisto og flautuleikarinn Mario Caroli.

Jón Nordal – safndiskur hefur að geyma úrval hljómsveitarverka eftir Jón Nordal og var gefinn út í tilefni af 95 ára afmæli tónskáldsins. Má þar nefna Píanókonsert, Konsert fyrir hljómsveit og Canto Elegiaco.



### 3. Fræðslustarf

Fræðslustarf hljómsveitarinnar starfsárið 2020-2021 litaðist líkt og önnur starfsemi hljómsveitarinnar af heimsfaraldrinum. Mörgum stórum verkefnum var ýmist aflýst, frestað eða fundinn nýr farvegur í öðrum búningi en smærri menntaverkefni náðu að blómstra.

**Hljómsveitarstjóraakademía** var sett á laggirnar undir handleiðslu Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra.

**Grænir reitir** höfuðborgarinnar voru tónleikasalir hljómsveitarinnar í ágústmánuði þegar leikið var utandyra fyrir leikskólabörn í samvinnu við Reykjavíkurborg undir yfirskriftinni Tónlist á torgum.

Rafræn prufuspil voru haldin fyrir **Ungsveit Sí** vegna samfélagsaðstæðna.

Raddæfing var haldin með Ungsveitinni að vori með öllum þátttakendum en Ungsveitarnámskeiðið og tónleikana að hausti þurfti að fella niður.

Þar sem ekki var hægt að bjóða á skólatónleika á starfsárinu hélt hljómsveitin vinasambandi við grunn- og leikskóla á landsvísu með rafrænum póstkortasendingum. **Rafrænu póstkortin** voru með hljómandi tónlistarkveðju frá hljómsveitinni og voru krakkar á öllum aldri hvattir til að senda hljómsveitinni hugmyndir að verkefnavali.

**RÚV** var mikilvægur samstarfsaðili í faraldrinum og þannig komust fjölskyldutónleikarnir Afmælistónleikar Beethovens og Jólatónleikar hljómsveitarinnar inn á hvert heimili landsmanna. Hljómsveitin og Harpa tóku höndum saman og buðu leikskólahópum á **jólatrésskemmtun** í Hörpuhorni. Ungum einleikurum og Ung-Yrkju var frestað fram á vorið og árleg opin æfing fyrir eldri borgara á

Vínartónleika féll niður. Um miðjan febrúar tók að rofa til og voru haldnir tónleikarnir Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina. Með tónleikunum heiðraði hljómsveitin minningu og starf Hallfríðar Ólafsdóttur.

Hljómsveitarmeðlimir tóku þátt í valkvæðu tilrauna-verkefni með Sigrúnu Sævarsdóttur-Griffiths þar sem samfélagshljómsveitin **Korda** var stofnuð. Ein opin æfing var haldin fyrir framhaldsskólanemendur og tekið var á móti nemendum, hópum og einstaklingum sem vildu kynnst starfi hljómsveitarinnar betur.

**Barnastundir** voru færðar úr Norðurljósasal yfir í stærra opið rými í Flóa sökum faraldursins. Stundirnar urðu þrjár á starfsárinu og höfðu þær mikla þýðingu fyrir hlustendur sem og flytjendur.

**Upptaka á hljóðfærakynningum** fyrir yngstu kynslóðina fór fram í apríl fyrir upplifunarrými ungra barna í Hörpu. Framkvæmdateymi hljómsveitarinnar kom að hugmyndavinnu upplifunarrýmisins ásamt Hallfríði Ólafsdóttur og Gagarín og síðar Þykjó.

**Samfélagsverkefni** þar sem leikið var í Laugar-dalshöllinni og Orkuhúsinu við Suðurlandsbraut var ýtt úr vör þar sem smærri hljóðfærahópar léku fyrir starfsfólk og þá sem komu í bólusetningu.

**Tónsprotatónleikarnir** Hvar er húfan mín? þar sem Egner-tvenna var á boðstólum, Dýrin í Hálsaskógi og Kardemommubærinn, var flutt á fernum tónleikum í Eldborg. Upptaka af Pétri og úlfinum og Tobba túbu var gerð í lok starfsársins.

**Tónleikakynningar** í samstarfi við Vinafélagið voru haldnar þegar færi gafst og voru þær í höndum Árna Heimis Ingólfssonar.

---

## 4. Markaðs- og kynningarmál

Heildarfjöldi tónleikagesta Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2020/21 var 14.469 og er það um 77 % samdráttur frá starfsárinu á undan (eru þá taldir gestir á öllum tónleikum og fjölbreyttum viðburðum hljómsveitarinnar -sjá töflu bls. 11). Heildarfjöldi seldra miða á starfsárinu var 9.469 en var 33.327 starfsárið á undan. Þessi mikli samdráttur skýrist af því að fjöldi tónleika var frestað eða þeir felldir niður vegna heimsfaraldursins. Þeir tónleikar sem fram fóru voru ýmist með fjöldatakmörkunum, eða án áheyranda og sendir út í sjónvarpi.

Starfsárið hófst í miðjum heimsfaraldri og því var ekki hægt að bjóða upp á hefðbundnar áskriftaraðir. Hætt var við prentun á kynningarbæklingi starfsársins þar sem ljóst var að dagskráin mundi riðlast strax. Dagskrá hljómsveitarinnar tók stöðugum breytingum og var kynnt jafnóðum eftir því sem aðstæður leyfðu, m.a. í rafrænu fréttabréfi, á samfélagsmiðlum og í almennum auglýsingum. Í október var loks hægt að bjóða upp á tónleika með gestum í sal og var ný dagskrá kynnt og miðasala hófst. Tónleikarnir voru þó með fjöldatakmörkunum og fjarlægðarmörkunum í sal. Tengslum var haldið við áskrifendur sem fengu forkaupsrétt á miðum og sinn hefðbundna afslátt af miðaverði.

Kynningarstarfið fólst einnig í að veita greinargóðar upplýsingar um stöðu verkefna SÍ, aflýsa, breyta og færa til tónleika, ásamt því að koma upplýsingum til gesta um stöðu samkomutakmarkana og sóttvarnareglna eftir því sem við átti hverju sinni. Grímuskylda var á öllum tónleikum og í lok starfsárs var þess krafist að gestir framvísuðu neikvæðu hraðprófi áður en gengið væri í sal.

---

### Fylgendum

Samfélagsmiðlar	19/20	20/21
Fréttabréf	10.907	11.239
Facebook	14.972	17.393
Twitter	2.565	2.668
Instagram	3.505	4.430
Spotify	3.422	4.400
YouTube	30.209	43.100


---

Í ljósi samkomubanns og samkomutakmarkana var aukið við framleiðslu og birtingu á fjölbreyttu og áhugaverðu efni fyrir samfélagsmiðla til að halda sýnileika hljómsveitarinnar sem mestum þrátt fyrir faraldurinn. Auk fjölda útsendinga í sjónvarpi og útvarpi og myndsteymis frá tónleikum var haldið áfram að birta svokallaðar „Heimsendingar“ á samfélagsmiðlum hljómsveitarinnar í formi myndbanda af hljóðfæraleikurum sem héldu örtónleika heima hjá sér. Myndböndin voru unnin voru af markaðsdeild hljómsveitarinnar í samvinnu við hljóðfæraleikara og var þátttaka þeirra mjög góð. Fyrsta Heimsendingin fór í loftið stuttu eftir samkomubann, þann 17. mars 2020 og vöktu þær strax mikla lukku og athygli. Önnur myndbönd voru t.d. „Ég hlakka svo til“ unnin í samstarfi við

Þjóðleikhúsið og birt á aðventunni en það vann til Lúðursins, Íslensku auglýsingaverðlaunanna, í flokknum samfélagsmiðlar.

Í venjulegu árferði hefði hljómsveitin kynnt komandi starfsár (2021/22) að vori og hafið endurnýjun og sölu áskrifta, en vegna óvissunnar var því frestað fram í ágúst.

## Fjöldi tónleikagesta



## Þróun í miðasölu

	'11/'12	'12/'13	'13/'14	'14/'15	'15/'16	'16/'17	'17/'18	'18/'19	'19/20	'20/21
<b>Heildarsala</b>	56.950	56.873	51.757	51.546	51.669	54.614	56.550	60.001	33.226	9.469
- Utan áskriftar	33.211	35.185	31.085	31.750	32.431	34.588	35.752	39.062	xxx	9.469
- Innan áskriftar	23.739	21.688	20.672	19.796	19.238	20.026	20.798	20.932	xxx	0
<b>Hlutfall áskrifta</b>	41,7%	38%	40%	38%	37%	37%	37%	35%	xx%	0

---

## 5. Mannauðsmál

Á starfsárinu 2020-2021 voru 93 stöðugildi hjá stofnuninni og fékk hljómsveitin um 82 lausráðna hljóðfæraleikara til liðs við sig á starfsárinu. Haldin voru 2 hæfnispróf á starfsárinu og 5 aukamanna-hæfnispróf. Auk þess voru 5 ráðningaferli til viðbótar í vinnslu þetta starfsár. Á skrifstofu voru 3 ráðningarferli. Reglulega voru haldnir starfsmannafundir með öllu starfsfólki, deildarfundir með hverri deild fyrir sig, leiðarafundir og samráðsfundir með stjórn SMFSÍ. Sinfóníuhljómsveit Íslands hlaut jafnlaunavottun í byrjun ágúst 2020. Viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi fór fram í júní 2021.

Stutt var við heilsu og velferð starfsmanna á ýmsan hátt. Jólagleði starfsmanna var haldin á ZOOM og var vel mætt þar og góð stemming. Reglulega var sent fræðslufni og fróðleiksmolar um heilsu og vellíðan til starfsmanna og áfram voru gróðursett tré í Sinfólundinum við Vífilstaðavatn. Stutt var við heilsu og velferð starfsmanna á ýmsan hátt.

### Kynjahlutfall starfsfólks starfsárið 2020/21

	Konur	Karlar
Allir starfsmenn 93	51 (55%)	42 (45%)
Fastráðnir hljóðfæraleikarar 78	40 (51%)	38 (49%)
Skrifstofa, sviðsþjónusta 13	10 (67%)	3 (33%)
Staðarhljómsveitarstjóri, staðartónskáld 2	1 (50%)	1 (50%)
Lausráðnir 82	41 (50%)	41 (50%)

# Fastráðnir hljóðfæraleikarar starfsárið 2020-2021

## 1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Nicola Lolli  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Andrzej Kleina  
Bryndís Pálsdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Laufeý Jensdóttir  
Laufeý Sigurðardóttir 50%  
Laura Liu  
Margrét Kristjánsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Pálína Árnadóttir

## 2. fiðla

Páll Palomares  
Vera Panitch  
Benedikte Damgaard\*  
Dóra Björgvinsdóttir  
Greta Guðnadóttir 75%  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir\*  
Gunnhildur Daðadóttir  
Hlín Erlendsdóttir\*  
Ingrid Karlsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Roland Hartwell  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Þórdís Stross

## Vióla

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir

Kathryn Harrison  
Łucja Koczot  
Sarah Buckley  
Svava Bernharðsdóttir  
Ásdís Hildur Runólfssdóttir\*  
Móeiður Anna Sigurðardóttir\*

## Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Steiney Sigurðardóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Guðný Jónasdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson\*\* hluta starfsárs  
Margrét Árnadóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Hrafnhildur M. Guðmundsdóttir\*

## Bassi

Xun Yang\*\* hluta starfsárs  
Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson\*  
Jacek Karwan  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## Flauta

Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## Óbó

Julia Hantschel  
Matthías Nardeau \*\* hluta starfsárs  
Peter Tompkins

## Klarínett

Arngunnur Árnadóttir\*\* hluta starfsárs  
Grímur Helgason\*\* hluta starfsárs  
Rúnar Óskarsson  
Livio Urs Russi\*

## Fagott

Brjánn Ingason  
Bryndís Þórsdóttir

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjörn Bruun  
Emil Steindór Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Frank Lars Hammarin

## Trompet

Stefano Flaibani\*  
Einar Steinþór Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## Túba

Nimrod Ron

## Harpa

Katie Buckley

## Píanó

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson

\*Ráðin tímabundið

\*\* í leyfi þetta starfsár

---

## Lausráðnir hljóðfæraleikarar starfsárið 2020-2021

### **Fiðla**

Geirprúður Ása Guðjónsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Pétur Björnsson  
Pascal Julien Lionel La Rosa

### **Selló**

Hrafnhildur M. Guðmundsdóttir  
Júlía Mogensen

### **Bassi**

Gunnlaugur Torfi Stefánsson

### **Flauta**

Berglind Stefánsdóttir  
Björg Brjánsdóttir  
Emilía Rós Sigfúsdóttir  
Melkorka Ólafsdóttir  
Sigríður Hjördís Indriðadóttir  
Sólveig Magnúsdóttir  
Sami J. Junnonen

### **Óbó**

Eydís Lára Franzdóttir  
Össur Ingi Jónsson

### **Klarinett**

Árman Helgason  
Baldvin Ingvar Tryggvason  
Finn Alexander Schofield  
Helga Björg Arnardóttir  
Hermann Stefánsson

### **Saxófónn**

Sigurður Hjörtur Flosason

### **Fagott**

Dagbjört Ingólfisdóttir  
Louisa Slosar

### **Horn**

Anna Sigurbjörnsdóttir

### **Trompet**

Ásgeir Hermann Steingrímsson

### **Básúnur**

Carlos Alberto Caro Aguilera

### **Túba**

Breki Sigurðarson  
Finnbogi Óskarsson

### **Harpa**

Elísabet Waage

### **Píanó**

Helga Bryndís Magnúsdóttir

### **Semball**

Guðrún Óskarsdóttir

### **Slagverk**

Einar Valur Scheving  
Kjartan Guðnason

### **Trommur**

Bergur Einar Dagbjartsson

Athuga nokkrir hérna eru líka fastráðnir tímabundið

---

## Starfsfólk við stjórnun og þjónustu starfsárið 2020/21

### **Framkvæmdastjóri**

Lára Sóley Jóhannsdóttir

### **Listrænn ráðgjafi**

Árni Heimir Ingólfsson

### **Viðburða- og skipulagsstjóri**

Halla Oddný Magnúsdóttir

### **Verkefnastjóri viðburða**

Valdís Þorkelsdóttir

### **Fræðslustjóri**

Hjördís Ástráðsdóttir

### **Markaðs- og kynningarstjóri**

Margrét Ragnarsdóttir

### **Markaðsfulltrúi**

Jökull Torfason

### **Mannauðsstjóri**

Una Eyþórsdóttir

### **Fjármálastjóri**

Svanhvít Hrólfsdóttir

### **Nótnavörður**

Kristbjörg Clausen

### **Umsjónarmaður nótna**

Larissa Weidler

### **Verkefnastjóri sviðs- og tæknimála**

Sigþór J. Guðmundsson

### **Sviðs- og tæknimaður**

Björk Björgólfsdóttir



---

## Kyngreindar upplýsingar fyrir starfsárið 2020/21

### Hljómsveitarstjórar

Konur: 2  
Karlar: 6

### Íslenskir einleikarar og einsöngvarar

Konur: 19  
Karlar: 21

### Erlendir einleikarar og einsöngvarar

Konur: 0  
Karlar: 2

### Íslenskir sögumenn, kynnar o.fl.

Konur: 8  
Karlar: 7

### Listafólk sem kom fram á streymistónleikum

Konur: 13  
Karlar: 6

### Listafólk sem kom fram á kammertónleikum

Konur: 12  
Karlar: 6

### Verk flutt á tónleikum

#### Íslensk tónverk

Eftir kventónskáld: 13 verk (9 tónskáld)  
Eftir karltónskáld: 32 verk (19 tónskáld)

#### Erlend tónverk

Eftir kventónskáld: 7 verk (7 tónskáld)  
Eftir karltónskáld: 85 verk (52 tónskáld)

#### Útsetningar á tónverkum

Eftir kvenútsetjara: 1 verk (1 tónskáld, 1 útsetjari)  
Eftir karlútsetjara: 11 verk (20 tónskáld, 6 útsetjarar)

#### Verk flutt á streymistónleikum

#### Íslensk tónverk

Eftir kventónskáld: 0 verk (0 tónskáld)  
Eftir karltónskáld: 8 verk (8 tónskáld)

#### Erlend tónverk

Eftir kventónskáld: 0 verk (0 tónskáld)  
Eftir karltónskáld: 1 verk (1 tónskáld)

#### Verk flutt á kammertónleikum

#### Íslensk tónverk

Eftir kventónskáld: 1 verk (1 tónskáld)  
Eftir karltónskáld: 9 verk (9 tónskáld)  
+ 2 íslenskt þjóðlög, tónskáld óþekkt

#### Erlend tónverk

Eftir kventónskáld: 0 verk (0 tónskáld)  
Eftir karltónskáld: 22 verk (22 tónskáld)  
+ 3 erlent þjóðlög, tónskáld óþekkt

## 6. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2020-21

### Hljómsveitarstjórar

Anna-Maria Helsing  
Asbjørn Ibsen Bruun  
Bjarni Frímann Bjarnason  
Daníel Bjarnason  
Eivind Aadland  
Eva Ollikainen  
Kornilios Michailidis  
Rúnar Óskarsson

### Íslenskir einleikarar og einsöngvarar

Álfheiður Erla Guðmundsdóttir, söngur  
Áshildur Haraldsdóttir, einleikari  
Bjargey Birgisdóttir, fiðla  
David Bobroff, básúna  
Dísella Lárusdóttir, söngur  
Dúó Harpverk (Katie Buckley, harpa og Frank Aarnink, slagverk)  
Einar Steinþór Jónsson, trompet  
Elmar Gilbertsson, söngur  
Emilía Rós Sigfúsdóttir, flauta  
Emilíana Torrini, söngur  
Grímur Helgason, klarínett  
Herdís Anna Jónasdóttir, söngur  
Horndeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands (Stefán Jón Bernharðsson, Joseph Ognibene, Frank Hammarin og Asbjørn Ibsen Bruun)  
Íris Björk Gunnarsdóttir, söngur  
Jacek Karwan, einleikari  
Johanna Brynja Ruminy, fiðla  
Jón Arnar Einarsson, básúna  
Julia Hantschel, óbó  
Kolbrún Völkudóttir, söngur á táknmáli  
Magnús Stephensen, píanó  
Marta Kristín Friðriksdóttir, söngur  
Már Gunnarsson, píanó og söngur

Nimrod Ron, túba  
Páll Óskar Hjálmtýsson, söngur  
Páll Palomares, fiðla  
Rannveig Marta Sarc, fiðla  
Sigríður Thorlacius, söngur  
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla  
Sigurður Guðmundsson, söngur  
Sigurgeir Agnarsson, selló  
Stuart Skelton, söngur  
Una Sveinbjarnardóttir, fiðla  
Valgerður Guðnadóttir, söngur  
Vasyl Zaviriukha, píanó  
Vera Panitch, fiðla  
Víkingur Heiðar Ólafsson, píanó

### Erlendir einleikarar og einsöngvarar

Pekka Kuusisto, einleikari  
Xavier de Maistre, einleikari

### Kórar og hljóðfærahópar

Gradualekór Langholtskirkju, Þorvaldur Örn Davíðsson kórstjóri  
Kór Öldutúnsskóla, Brynhildur Auðbjargardóttir kórstjóri  
Mótettukór Hallgrímskirkju, Hörður Áskelsson kórstjóri  
Skólakór Kársness, Álfheiður Björgvinsdóttir og Þóra Marteinsdóttir kórstjórar  
Stúlknaþór Reykjavíkur og Aurora, Margrét J. Pálmadóttir og Sigríður Soffía Hafliðadóttir kórstjórar  
Dansarar úr Listdansskóla Íslands, Guðmundur Helgason og Margrét Gísladóttir danshöfundar  
Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, Karen Janine Sturlaugsson stjórnandi  
Fagotthópur, Brjánn Ingason æfingastjóri

### **Sögumenn, kynnar, túlkar o.fl.**

Árni Heimir Ingólfsson, kynnir  
Elísabet Indra Ragnarsdóttir, kynnir  
Eyrún Helga Aradóttir, táknmálstúlkur  
Guðni Tómasson, kynnir  
Hafsteinn Vilhelmsson, kynnir  
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir  
Halldóra Geirharðsdóttir, kynnir og sögumaður  
Hjördís Ástráðsdóttir, kynnir  
Ingibjörg Fríða Helgadóttir, kynnir  
Jóhanna Vigdís Arnardóttir, söngur og leikari  
Ólafur Egill Egilsson, kynnir  
Pálmi Gestsson, söngur og leikari  
Sigurður Þór Óskarsson, söngur og leikari  
Steinunn Arinbjarnardóttir, kynnir  
Valur Freyr Einarsson, sögumaður og söngur

### **Listafólk sem kom fram á kammertónleikum**

Benedikte Damgaard, fiðla  
Bryndís Björgvinsdóttir, selló  
Dúó Edda (Steiney Sigurðardóttir, selló og Vera Panitch, fiðla)  
Emil Friðfinnsson, horn  
Frank Hammarin, horn  
Guðrún Þórarinsdóttir, víóla  
Gunnhildur Daðadóttir, fiðla  
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir, selló  
Asbjørn Ibsen Bruun, horn  
Joseph Ognibene, horn  
Julia Hantschel, óbó  
Laura Liu, fiðla  
Pálína Árnadóttir, fiðla  
Richard Korn, kontrabassi  
Stefán Jón Bernharðsson, horn  
Steiney Sigurðardóttir, selló  
Vera Panitch, fiðla  
Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla

### **Listafólk sem kom fram í streymi**

Anna Guðný Gumundsdóttir, píanó  
Bryndís Björgvinsdóttir, selló  
Bryndís Halla Gylfadóttir, selló  
Denis Kozhukhin, píanó  
Guðný Jónasdóttir, selló  
Gunnhildur Daðadóttir, fiðla  
Helga Þóra Björgvinsdóttir, fiðla  
Hrafnkell Orri Egilsson, selló  
Julia Hantschel, óbó  
Margrét Árnadóttir, selló  
Rúnar Óskarsson, klarínnett  
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla  
Sigurður Bjarki Gunnarsson, selló  
Sigurgeir Agnarsson, selló  
Stefán Jón Bernharðsson, horn  
Steiney Sigurðardóttir, selló  
Una Sveinbjarnardóttir, fiðla  
Vera Panitch, fiðla  
Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla

### **Listafólk sem kom fram á hljóðritun með hljómsveitinni**

Bjarni Frímánn Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Guðrún Ýr Eyfjörð Jóhannesdóttir (GDRN), söngur  
Daníel Ágúst Haraldsson, söngur  
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Horndeild Sinfóníunnar (Stefán Jón Bernharðsson, Joseph Ognibene, Frank Lars Hammarin og Asbjørn Ibsen Bruun, horn)  
Friðrik Jóhann Róbertsson (Flóni), söngur  
Halldóra Geirharðsdóttir, kynnir  
Rúnar Óskarsson, hljómsveitarstjóri

## 7. Tónleikar starfsárið 2020/21

### Klassíkin okkar - Afmælisveisla Sinfóníunnar og RÚV

#### 04. september 2020 kl. 20

- Hrafnkell Orri Egilsson: Fantasía byggð á stefjum úr sögu Rásar 1
- Luigi Boccherini: Menúett úr Strengjakvintett, op. 11 nr. 5
- Þórarinn Guðmundsson: Þú ert
- Jón Þórarinsson: Íslenskt vögguljóð á Hörpu
- Emil Thoroddsen: Vöggukvæði
- Jón Múli Árnason: Víkivaki (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Ingibjörg Þorbergs: Á morgun (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Aram Katsjaturían: Sverðdansinn
- Dmítríj Shostakovitsj: Vals úr Djasssvítu nr. 2
- Ígor Stravinskíj: Svíta úr Eldfuglinum
- Johann Sebastian Bach: Ruht wohl, úr Jóhannesarpassíu
- Edvard Grieg: Dauði Ásu, úr Pétri Gaut
- Emmerich Kálmán: Heut' Nacht hab' ich geträumt von dir
- Felix Mendelssohn: Fiðlukonsert, 2. kafli
- Emilíana Torrini: Ha Ha (úts. Albin de la Simone)
- Jean Sibelius: Sinfónía nr. 2, 4. kafli  
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Páll Palomares, fiðla  
Dísella Lárusdóttir, Elmar Gilbertsson, Emilíana Torrini, Sigríður Thorlacius, Sigurður Guðmundsson, söngur  
Mótettukór Hallgrímskirkju  
Guðni Tómasson og Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir

### Beethoven-veisla

#### 17. september 2020 kl. 20

- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 1, 4. kafli
- Ludwig van Beethoven: Píanókonsert nr. 3
- Philip Glass: Glassworks opening (úts. Christian Badzura)  
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri  
Víkingur Heiðar Ólafsson, píanó  
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir

### Örlagasinfónían

#### 23. september 2020 kl. 20

- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 5
- Anna Þorvaldsdóttir: Aeriality  
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri  
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir

### Barnastund Sinfóníunnar

#### 03. október 2020 kl. 11:30

- Georges Bizet: Forleikur að Carmen
- Wolfgang Amadeus Mozart: Eine kleine Nachtmusik
- Ludwig van Beethoven: Für Elise (úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Jón Leifs: Dýravísur
- Páll Ísólfsson: Snati og Óli (úts. Haraldur Vignir)
- Jón Ásgeirsson: Krummi krunkar úti (úts. Sigurður Ingvi Snorrason)
- Johann Strauss Yngri: Unter Donner und Blitz
- Jacques Offenbach: Can-can  
Steinunn Arinbjarnardóttir, kynnir

## **Mozart og Haydn**

### **07. janúar 2021 kl. 20**

- Wolfgang Amadeus Mozart: Così fan tutte, forleikur
- George Walker: Lyric for strings, fyrir strengjasveit
- Haukur Tómasson: Nature morte fyrir hörpu, cimbalom og kammerhljómsveit
- Franz Joseph Haydn: Sinfónía nr. 104, „Lundúna-sinfónían“  
Bjarni Frímann Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Dúó Harpverk (Katie Buckley og Frank Aarnink), einleikarar  
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir

## **Schumann og Saariaho**

### **14. janúar 2021 kl. 20**

- Kaija Saariaho: Aile du songe, flautukonsert
- Robert Schumann: Sinfónía nr. 4  
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Áshildur Haraldsdóttir, einleikari  
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir

## **Bjarni Frímann stjórnar Brahms**

### **21. janúar 2021 kl. 20**

- Giovanni Bottesini: Konsert fyrir kontrabassa nr. 2
- Johannes Brahms: Sinfónía nr. 3  
Bjarni Frímann Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Jacek Karwan, einleikari  
Árni Heimir Ingólfsson, kynnir

## **Daníel og Adams**

### **28. janúar 2021 kl. 20**

- Daníel Bjarnason: Over Light Earth
- John Adams: Shaker Loops
- Robert Schumann: Konzertstück fyrir fjögur horn og hljómsveit  
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Stefán Jón Bernharðsson, Joseph Ognibene, Frank Hammarin og Asbjørn Ibsen Bruun, einleikarar  
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir

## **Ófullgerða sinfónían**

### **04. febrúar 2021 kl. 20**

- Alberto Ginastera: Hörpukonsert op. 25
- Franz Schubert: Sinfónía nr. 8, „Ófullgerða sinfónían“
- Þuríður Jónsdóttir: Flow and Fusion  
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri  
Xavier de Maistre, einleikari  
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir

## **Haydn og Brahms**

### **11. febrúar 2021 kl. 20**

- Franz Joseph Haydn: Sellókonsert í C-dúr
- Johannes Brahms: Sinfónía nr. 2  
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri  
Sigurgeir Agnarsson, einleikari  
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir

## **Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina**

### **13. febrúar 2021 kl. 14**

### **13. febrúar 2021 kl. 16**

- Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson:  
Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina  
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri  
Valur Freyr Einarsson, sögumaður

## **Eva stjórnar Sibelius**

### **18. febrúar 2021 kl. 20**

- Carl Nielsen: Helios-forleikur
- Kenneth Fuchs: Konsert fyrir bassabásúnu
- Outi Tarkiainen: Songs of the Ice (frumflutningur á Íslandi)
- Jean Sibelius: Tapiola  
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri  
David Bobroff, einleikari  
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir

### **Stuart Skelton syngur Wagner**

**25. febrúar 2021 kl. 20**

- Bohuslav Martinů: Konsert fyrir óbó og kammersveit
- Richard Wagner: Forspil og Liebestod úr „Tristan und Isolde“
- Richard Wagner: Wesendonck-söngvar  
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri  
Julia Hantschel, einleikari  
Stuart Skelton, einsöngvari

### **Úr nýja heiminum**

**04. mars 2021 kl. 20**

- Julia Perry: A Short Piece for Orchestra
- Antonín Dvořák: Sinfónía nr. 9, „Úr nýja heiminum“  
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri

### **Barnastund Sinfóníunnar**

**06. mars 2021 kl. 11:30**

**06. mars 2021 kl. 12:45**

- Luigi Boccherini: Menúett, op. 11 nr. 5
- Harold Arlen og Edgar Harburg: Fyrir ofan regnbogann (úts. Þórir Baldursson)
- Wolfgang Amadeus Mozart: Der Vogelfänger bin ich ja úr Töfraflautunni
- Johann Sebastian Bach: Badinerie
- Camille Saint-Saëns: Svanurinn
- Atli Heimir Sveinsson: Kvæðið um fuglana
- Ludwig van Beethoven: Menúett WoO 10 nr. 2 (úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Johannes Brahms: Ungverskur dans nr. 5 (úts. Sigurður Ingvi Snorrason)  
Asbjørn Ibsen Bruun, hljómsveitarstjóri  
Hafsteinn Vilhelmsson, kynnir

### **Emilía og Brahms**

**11. mars 2021 kl. 20 (upphaflega kynntir 18. mars 2021)**

- Camille Saint-Saëns: Rómansa fyrir flautu og hljómsveit, op. 37
- Cécile Chaminade: Concertino fyrir flautu, op. 107
- Johannes Brahms: Sinfónía nr. 4  
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri  
Emilía Rós Sigfúsdóttir, einleikari  
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir

### **Grammy-veisla**

**18. mars 2021 kl. 20**

- Anna Þorvaldsdóttir: Metacosmos
- María Huld Markan Sigfúsdóttir: Oceans
- Daníel Bjarnason: Fiðlukonsert  
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Pekka Kuusisto, einleikari  
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir

### **Ung-Yrkja**

**23. apríl 2021 kl. 12**

- Ingibjörg Elsa Turchi: Anemos
- K.óla (Katrín Helga Óladóttir): I gave him a book (with only blank pages)
- Hjalti Nordal: Guð er humar  
Bjarni Frímann Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Anna Þorvaldsdóttir, leiðbeinandi  
Elísabet Indra Ragnarsdóttir, kynnir

### **Mahler nr. 4**

**29. apríl 2021 kl. 20 (upphaflega kynntir 25. mars 2021)**

- Gustav Mahler: Sinfónía nr. 4, „Himnasælusinfónían“  
Bjarni Frímann Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Herdís Anna Jónasdóttir, einsöngvari  
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir

## **Prokofiev og Mendelssohn**

### **06. maí 2021 kl. 20 (upphaflega kynntir 15. apríl 2021, með breyttri dagskrá)**

- Sergej Prokofiev: Fiðlukonsert nr. 2
- Felix Mendelssohn: Sinfónía nr. 4, „Ítalska sinfónían“  
Bjarni Frímann Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Rannveig Marta Sarc, einleikari  
Árni Heimir Ingólfsson, kynnir

## **Hvar er húfan mín?**

### **15. maí 2021 kl. 14**

### **15. maí 2021 kl. 16**

### **16. maí 2021 kl. 14**

### **16. maí 2021 kl. 16**

- Thorbjörn Egner og Christian Hartmann: Lög úr Dýrunum í Hálsaskógi (úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Thorbjörn Egner: Lög úr Kardemommubænum (úts. Jóhann G. Jóhannsson)  
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Pálmi Gestsson, Valur Freyr Einarsson og Sigurður Þór Óskarsson, einsöngvarar og leikarar  
Skólakór Kársness  
Álfheiður Björgvinsdóttir og Þóra Marteinsdóttir, kórstjórar

## **Ungir einleikarar**

### **20. maí 2021 kl. 20**

- Georges Bizet: Je dis que rien ne m'épouvante úr Carmen
- Giacomo Puccini: Tu che di gel sei cinta úr Turandot
- Ruggero Leoncavallo: Stridono lassu úr Pagliacci
- Felix Mendelssohn: Fiðlukonsert op. 64
- Paul Creston: Básúnukonsert op. 42
- Wolfgang Amadeus Mozart: Non mi dir, bell'ídol mio úr Don Giovanni
- Giacomo Puccini: Tu che di gel sei cinta úr Turandot

- Giuseppe Verdi: Tutte le feste úr Rigoletto
- Sigfús Einarsson: Draumalandið  
Anna-Maria Helsing, hljómsveitarstjóri  
Íris Björk Gunnarsdóttir, einsöngvari  
Johanna Brynja Ruminy, fiðla  
Jón Arnar Einarsson, básúna  
Marta Kristín Friðriksdóttir, einsöngvari  
Árni Heimir Ingólfsson, kynnir

## **Sigrún spilar Beethoven**

### **28. maí 2021 kl. 20 (upphaflega kynntir 6. maí 2021, með breyttri dagskrá)**

- Ludwig van Beethoven: Fiðlukonsert op. 61
- Zoltán Kodály: Dansar frá Galánta (Galántai táncok)  
Kornilios Michailidis, hljómsveitarstjóri  
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla  
Árni Heimir Ingólfsson, kynnir

## **Eva og Grímur**

### **03. júní 2021 kl. 20**

- Anna Þorvaldsdóttir: CATAMORPHOSIS (frumflutningur á Íslandi)
- Carl Maria von Weber: Klarínnettukonsert nr. 1
- Richard Wagner: Tannhäuser, forleikur  
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri  
Grímur Helgason, klarínnett  
Árni Heimir Ingólfsson, kynnir

## **Una og Daníel**

### **10. júní 2021 kl. 20**

- Þuríður Jónsdóttir: Fiðlukonsert – LEIKSLOK (frumflutningur)
- Johannes Brahms: Sinfónía nr. 2  
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Una Sveinbjarnadóttir, fiðla  
Árni Heimir Ingólfsson, kynnir



